

Fundargerð Skólaráðsfundar Stóru-Vogaskóla

3. feb. 2016

Mætt:

Svava Bogadóttir, Tanja Sigmundsdóttir, Ásmundur Ásmundsson, Oddur Ragnar Þórðarson og Jens G. Einarsson

Svava byrjaði á að kynna niðurstöður skólaþings sem hafði verið haldið í skólanum um niðurstöður Skólapúlsins, þar sem nem. var skipt niður í hópa og einn hópstjóri á hverju borði lagði fram 2 – 3 sp. sem hópurinn hafði ca. 5 mín. til að svara. Síðan var skipt um borð og spurningar o.s.frv. þar til hver hópur hafði svarað flestum spurningunum.

Hópstjórar skráðu niður svörin. Tanja lagði áherslu á að nemendur fengju vitneskju um niðurstöður úr Skólapúlsinum.

Oddur ræddi um að fá einnig niðurstöðurnar til umfjöllunar í Frístunda og menningarnefnd.

Skólastjórnendur voru mjög ánægð með hvernig til tókst.

Svava fór yfir nokkur svör úr hópavinnunni. Nemendur skólans vinna þetta frekar og verður afraksturinn hengdur uppá vegg skólans.

Rætt var stuttlega um að umbuna nemendum Og hvað má og hvað má ekki í þeim efnunum. (t.d. sleikjó í tímum) ?

Rætt um hvernig skólinn (grunnskólinn) getur sinnt öllum og þeir bestu fá líka áskoranir við hæfi.

Styrkur úr Sprotasjóði. Notaður í Vinaliðaverkefnið sem Svava sagði að gengi mjög vel. Sækja á um styrk fyrir nýtt verkefni fyrir 26. feb.

Foreldrafundur í lok janúar gengu vel, og var mæting foreldra næstum 100%.

G. Ingibjörg Ragnarsdóttir orðin deildarstjóri allrar sérkennslu, bæði yngri og eldri stiga.

Hannes Birgir Hjálmarsson kennari í veikindafrí en forfallakennari kemur að hluta í hans stað.

Rætt um raka og sveppa vandamál í stofum 4 og 6, og heilsuspillandi aðstæður kennara og nemenda. Mál þetta er í algjörum forgangi en kostnaður bara við að greina vandann er orðin hátt í ein komma fimm milljónir.

Örlítið rætt um lús sem stingur sér hér niður sem og annarsstaðar, Svava upplýsti að það væri algjörlega á ábyrgð foreldra að leita í höfðum barnanna, ekki væri mælt með því að starfsmenn, eins og hjúkrunarfræðingur, leitaði, nitin færu þá hugsanlega á milli höfða.

Vélavinir komu til umræðu og hafa rætt við Frístunda og menningarnefnd að sögn Odds um samstarf við skólann.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Jens G. Einarsson.